



Fréttatilkynning

25 September 2026 15:37:00 GMT

Arion banki: Annar fasi söluférlis Blikastaðalands ehf. að hefjast – heildarkaupverð tilboða á bilinu 14 til 16 milljarðar króna

Í framhaldi af lokuðu söluférlis sem Blikastaðaland ehf. var sett í fyrr á þessu ári hefur Arion banki ákveðið að bjóða nokkrum tilboðsgjöfum þátttöku í öðrum fasa söluférlisins. Tilboðin frá þessum aðilum gera ráð fyrir heildarkaupverði á bilinu 14 til 16 milljarðar króna.

Blikastaðaland ehf., sem er í eigu Arion banka í gegnum dótturfélagið Landey ehf., á og þróar Blikastaðaland í Mosfellsbæ. Tilboðin sem um ræðir gera ráð fyrir að um tveir þriðju hlutar kaupverðsins verði greiddir í reiðufé við afhendingu en eftirstöðvar greiddar á síðari stigum. Fjárhæðirnar hafa ekki verið núvirtar.

Tilboðin eru háð fyrirvörum og endanlegir skilmálar liggja ekki fyrir. Á þessum tímapunkti er ekki til staðar skuldbinding varðandi sölu félagsins og því ekki tryggt að söluférlið leiði til viðskipta.

Vonast er til að öðrum fasa söluférlisins ljúki fyrir lok þessa árs en það er meðal annars háð utanaðkomandi þáttum og því ekki útilokað að hann taki lengri tíma.

Í árshlutareikningum Arion banka fyrir fyrstu sex mánuði ársins er Blikastaðaland ehf. metið á um 7,5 milljarða króna. Þar sem til staðar er óvissa varðandi fyrirvara tilboðanna hefur ekki verið tekin ákvörðun um að uppfæra bókfært verðmat Blikastaðalands ehf. á þessum tímapunkti.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR). Upplýsingarnar voru sendar til birtingar í gegnum ofangreinda tengiliði þann 2026-09-25 15:37 GMT.



Viðhengi

Arion banki: Annar fasi söluferlis Blikastaðalands ehf. að hefjast – heildarkaupverð
tilboða á bilinu 14 til 16 milljarðar króna